REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005.

1. gr.

Við 5. mgr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Öllum loðnuafla skal landað innanlands og hann veginn í innlendri höfn. Þó er Fiskistofu heimilt að veita leyfi til löndunar á loðnu til bræðslu og heilfrystri loðnu erlendis sé talið tryggt að vigtun og skráning afla fari fram með fullnægjandi hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. janúar 2005.

F. h. r.
Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.